

Miðvikudaginn 21. júní 1972.

Nr. 129/1970. **Mjólkurbú Flóamanna**

(Sveinbjörn Jónsson hrl.)

gegn

**Innheimtumanni ríkissjóðs og gagnsök**

(Guðmundur Skaftason hrl.).

**D ó m e n d u r:**

**hæstaréttardómaramennir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson og Einar Arnalds og Guðmundur Jónsson borgardómari.**

Skattamál. Tekjuskattur. Eignarskattur.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. júlí 1970, að fengnu áfrýjunarleyfi 29. júní 1970, og krafizt sýknu af kröfum gagnáfrýjanda. Þá krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 22. júlí 1970. Krefst hann þess, að lögtak verði látið fara fram til tryggingar kr. 2.138.673.00 ásamt 12% dráttarvöxtum á ári frá 1. ágúst 1966 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og hér fyrir dómi.

Aðaláfrýjandi var skattskyldur, sbr. 5. gr. laga nr. 70/1962, 5. gr. laga nr. 55/1964, 5. gr. og 42. gr. laga nr. 90/1965.

Aðaláfrýjanda verður ekki dæmt að greiða skatt af tekjum ársins 1959, þar sem liðinn var frestur sá, sem greinir í 38. gr. laga nr. 90/1965, er ríkisskattanevnd ákvarðaði skatt hans.

Í úrskurði ríkisskattanevndar frá 22. júlí 1966 er lagður eignarskattur á aðaláfrýjanda gjaldárin 1962—1965, og er gjaldstofn m. a. „ógreiddar eftirstöðvar mjólkurverðs“, svo sem þær eru greindar á efnahagsreikningi hans í lok viðkomandi ára. Þetta fé hafði aðaláfrýjandi í sínum vörzlum um hver áramót og til ráðstöfunar samkvæmt samþykktum

sínum. Samkvæmt lögum um tekju- og eignarskatt nr. 70/1962, 24. gr., nr. 55/1964, 24. gr., og nr. 90/1965, 24. gr., er fé þetta eignarskattskilyt, sbr. og reglugerð nr. 245/1963, 6. málsgr. 44. gr. og 60. gr., enda nýtur ekki við sérákvæða, er þiggi það undan eignarskatti. Ber því að taka til greina kröfu gagnáfrýjanda um framkvæmd lögtaks hjá aðaláfrýjanda fyrir sköttum þessum, en þeir eru óumdeilt að fjárhæð samtals kr. 610.139.00.

Urlausn héraðsdómara um aðra gjaldstofna ber að staðfesta að niðurstöðu til. Samkvæmt því ber að leggja fyrir fógeta að framkvæma lögtak hjá aðaláfrýjanda fyrir kr. 1.986.429.00 ásamt 12% ársvöxtum frá þingfestingardegi málsins í héraði 28. júní 1968 til greiðsludags.

Með því að skattar voru ekki um árabíl lagðir á aðaláfrýjanda, þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

#### Dómsorð:

Lögtak skal fara fram hjá aðaláfrýjanda, Mjólkurbúi Flóamanna, fyrir kr. 1.986.429.00 ásamt 12% ársvöxtum frá 28. júní 1968 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

#### Úrskurður fógetaðóms Árnassýslu 14. apríl 1970.

Ár 1970, þriðjudaginn 14. apríl, var í fógetarétti Árnassýslu, sem haldinn var í skrifstofu embættisins á Selfossi af sýslumanni Páli Hallgrímssyni, kveðinn upp úrskurður í málinu nr. 22/1968: Innheimtumaður ríkissjóðs gegn Mjólkurbúi Flóamanna, en málið var tekið til úrskurðar eftir endurtekinn munnlegan flutning hinn 11. marz sama ár.

Í úrskurði ríkisskattaneftndar, dags. 22. júlí 1966, segir svo:

„Á fundi ríkisskattaneftndar 22. júlí 1966 var tekið fyrir að ákveða Mjólkurbúi Flóamanna, Selfossi, Selfosshreppi, Árnassýslu, tekjuskatt fyrir gjaldárin 1960—1965 að báðum meðtöldum og eignarskatt fyrir gjaldárin 1962—1965 að báðum meðtöldum.

Málið er tekið upp að tilhlutan ríkisskattstjóra samkv. heimild í 42. gr. laga nr. 90/1965 um tekjuskatt og eignarskatt.

Málavextir eru þeir, að við athugun kom í ljós, að á undan-

förnum árum hefur félaginu hvorki verið gert að greiða tekjuskatt né eignarskatt eða það talið fram til skatts. Félagið er skrásett samvinnufélag. Ársreikningar félagsins fyrir umrædd ár liggja fyrir í málinu. Af þessu svo og öðrum upplýsingum, sem fyrir hendi eru, verður ekki annað séð en félagið starfi á grundvelli laga um samvinnufélög nr. 46/1937. Er félagið því skattskyldt nú samkv. B.lið 5. gr. laga nr. 90/1965 um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 70/1962 og nr. 55/1964.

Með bréfi, dags. 26. apríl s.l., var fyrirsvarsmönnum félagsins gerð kunn ráðagerð um að leggja á félagið tekjuskatt fyrir þau ár, er ofan greinir.

Umbm. félagsins hefur með bréfi mótmælt þessari ráðagerð.

Samkvæmt ársreikningum, sem fyrir hendi eru, ákvarðast tekjur félagsins til skattlagningar af tillagi til varasjóðs þess og að viðbættum ófrádráttarbærum styrkjum til kynbótabúsins að Laugardælum og framlagi til Minningarsjóðs Egils Thorarensen og að viðbættum óráðstöfuðum eftirstöðvum ársins, en að frádregnum yfirfærðum rekstrarafgangi fyrra árs.

Skv. ársreikningum félagsins, sem fyrir hendi eru, ákvarðast eignir félagsins af varasjóðseign, að viðbættum verðfellingarsjóði og yfirfærslu til næsta árs svo og að viðbættum ógreiddum eftirstöðvum mjólkurverðs um hver einstök áramót, þó að frádregnu bókfærðu verði fasteigna umfram fasteignamat, þó þreföldun fasteignamats gjaldárið 1965, svo og að frádregnum nú álögðum tekjuskatti, eftir því sem við á.

Eftir atvikum þykir rétt að beita ekki virðurlögum skv. 47. gr. laga nr. 90/1965 að þessu sinni.

Skattgjaldstekjur gjaldárið 1960 að frádregnu tillagi til varasjóðs, kr. 301.500.00, ákveðast kr. 602.950.00. Tekjuskattur verður kr. 152.244.00.

Skattgjaldstekjur gjaldárið 1961 að frádregnu tillagi til varasjóðs, kr. 346.600.00, ákveðast kr. 693.300.00. Tekjuskattur verður kr. 175.058.00.

Skattgjaldstekjur gjaldárið 1962 að frádregnu tillagi til varasjóðs, kr. 365.200.00, ákveðast kr. 1.095.500.00. Tekjuskattur verður kr. 221.291.00. Skattgjaldseign gjaldárið 1962 ákveðst kr. 3.279.000.00. Eignarskattur verður kr. 23.182.00.

Skattgjaldstekjur gjaldárið 1963 að frádregnu tillagi til varasjóðs, kr. 463.000.00, ákveðast kr. 1.388.800.00. Tekjuskattur verður kr. 280.537.00. Skattgjaldseign gjaldárið 1963 ákveðst kr. 11.106.000.00. Eignarskattur verður kr. 78.519.00.

Skattgjaldstekjur gjaldárið 1964 að frádregnu tillagi til vara-sjóðs, kr. 530.300.00, ákveðast kr. 1.590.900.00. Tekjuskattur verður kr. 321.361.00. Skattgjaldseign gjaldárið 1964 ákveðst kr. 22.396.000.00. Eignarskattur verður kr. 158.339.00.

Skattgjaldstekjur gjaldárið 1965 að frádregnu tillagi til vara-sjóðs, kr. 623.900.00, ákveðast kr. 1.871.500.00. Tekjuskattur verður kr. 378.043.00. Skattgjaldseign gjaldárið 1965 ákveðst kr. 49.519.000.00. Eignarskattur verður kr. 350.099.00.

Kærufrestur til ríkisskattanefndar er 21 dagur frá póstlagningu úrskurðar þessa.

#### Úrskurðarorð:

Tekjuskattur gjaldárið 1965 verður kr. 378.043.00, en var enginn áður.

Eignarskattur gjaldárið 1965 verður kr. 350.099.00, en var enginn áður.

Tekjuskattur gjaldárið 1964 verður kr. 321.361.00, en var enginn áður.

Eignarskattur gjaldárið 1964 verður kr. 158.339.00, en var enginn áður.

Tekjuskattur gjaldárið 1963 verður kr. 280.537,00, en var enginn áður.

Eignarskattur gjaldárið 1963 verður kr. 78.519.00, en var enginn áður.

Tekjuskattur gjaldárið 1962 verður kr. 221.291.00, en var enginn áður.

Eignarskattur gjaldárið 1962 verður kr. 23.182.00, en var enginn áður.

Tekjuskattur gjaldárið 1961 verður kr. 175.058.00, en var enginn áður.

Tekjuskattur gjaldárið 1960 verður kr. 152.244.00, en var enginn áður“.

Gerðarþoli kærði hinn 16. ágúst 1966 framangreinda skatt-álagningu, og hljóðar skattkæran svo:

„Skattkæra: Mjólkurbú Flóamanna, Selfossi.

I. Með úrskurði 22. júlí 1966 úrskurðar háttvirt Ríkisskattanefnd, að umbjóðandi okkar Mjólkurbú Flóamanna sé skattskýlt skv. B. lið 5. gr. laga nr. 90/1965 um tekju- og eignarskatt, sbr. lög nr. 70/1962 og nr. 55/1964.

Samkvæmt því, með heimild í 42. gr. laga nr. 90/1965 er félaginu síðan gerður tekju- og eignarskattur allt frá gjaldárinu 1960 til gjaldársins 1965, samtals að fjárhæð kr. 2.138.673.00.

Álagningu þessari mótmælum við og krefjumst þess aðallega, að hún verði felld niður, og til vara, að hún verði lækkuð verulega.

II. Úrskurður háttvirtrar Ríkisskattanevndar greinist í þrjá megin þætti, þá:

A. Að umbjóðandi okkar sé skattskyldur.

B. Að gjaldstofn til tekjuskatts sé:

1. Tillag til varasjóðs, þ. á m. inntökugjöld og vextir.
2. Styrkur til kynbótabús að Laugardælum og framlag í Minningarsjóð Egils Thorarensen ásamt vöxtum.
3. Óráðstafaðar eftirstöðvar ársins að frádregnum yfirfærðum rekstrarafgangi fyrra árs.

C. Að gjaldstofn eignarskatts sé:

1. Varasjóður.
2. Ógreiddar eftirstöðvar mjólkurverðs.
3. Minningarsjóður Egils Thorarensen.
4. Preföldun fasteignamats 1965 að frádregnu bókfærðu verði fasteigna svo og að frádregnum tekjuskatti eftir því sem við á, en ekki að frádregnum nú álögðum eignarskatti.
5. Verðfellingarsjóður.
6. Yfirfærsla til næsta árs.

Um A. Skattskylda:

Í svarbréfi okkar, dags. 10. maí s.l., við bréfi háttvirtrar Ríkisskattanevndar frá 26. apríl s.l. mótmælum við því, að rétt sé að skattleggja umbjóðanda okkar. Þau mótmæli eru hér ítrekuð og enn haldið fram, að Mjólkurbú Flóamanna falli undir lög nr. 96 frá 1936, þar sem Mjólkursamsalan í Reykjavík er undanþegin opinberum gjöldum. Sú hættta var fyrir hendi, þegar þau lög voru sett, að þau næðu ekki tilgangi sínum, nema þeir aðilar, sem að Mjólkursamsölunni standa, féllu þar undir.

Sú hefur verið skoðun þeirra, sem á undanförunum 30 árum hafa ekki skattlagt umbjóðanda okkar.

Um B. Gjaldstofn til tekjuskatts:

Að því tilskyldu, að umbjóðandi okkar yrði talinn skattskyldur, er næst að kanna réttmæti þeirra liða, sem Ríkisskattanevnd telur mynda gjaldstofn, sem tekjuskattur er á lagður.

1. Tillög til varasjóðs, þ. á m. vextir og inntökugjöld: Þeirri reglu hefur verið fylgt að leggja í varasjóð  $\frac{1}{2}$  % af andvirði vörusölu og reikna vexti af varasjóði hin síðari ár 7%, eins og hann var í ársbyrjun. Hvorutveggja hefur verið gert vegna þess, að ekki hefur verið gert ráð fyrir neinum skattgreiðslum. Ef það

hefði legið fyrir, að skattur yrði á lagður, er ekki að vita, hvernig með hefði verið farið, en hreinar tekjur hefur umbjóðandi okkar engar. Við áskiljum umbjóðanda okkar rétt til bakfærslu varasjóðstillags, eftir því sem talið yrði hagkvæmt, ef hann yrði endanlega úrskurðaður skattskyldur.

2. Styrkur til kynbótabúsins að Laugardælum og tillag í Minningarsjóð Egils Thorarensen eru hvorutveggja greiðslur, sem samþykkt er á aðalfundi Mjólkurbúsins hverju sinni, að búið inni af hendi fyrir bændur og reiknast sem hluti af mjólkurverði til þeirra. Fyrir þessa styrki fá bændur minna útborgað í ársuppbætur, þar sem þeir eru taldir þegar hafa fengið útborgaðar þær fjárhæðir, sem þeir hafa samþykkt, að rynnu til kynbótabúsins og minningarsjóðsins. Vextir af minningarsjóði Egils Thorarensen hafa verið færðir til tekna af Ríkisskattanevnd. Sjóðurinn er að hálfu í vörzlu búsins skv. sérstakri meðfylgjandi skipulagsskrá. Búið á ekki þennan sjóð, en meðan það hefur fé hans í rekstri sínum, verður það að sjálfsgöðu að greiða af honum vexti eins og öðru lánsfé, og að okkar dómi kemur ekki til greina að telja þá til tekna hjá búinu.

3. Eins og við höfum getið um í fyrra bréfi okkar, eru þær fjárhæðir, sem fara á milli ára, oftast nær mjög lágar, enda er ætlunin sú, að svo sé. Fjárhæðir þessar eru ekki sambærilegar við höfuðstólsreikninga félaga almennt, heldur væri réttara að nefna biðreikning til næsta árs. Búið hefur enga ráðstöfunarheimild yfir þessu fé, heldur er því skilað beint til bænda árið eftir og kemur þá fram sem tekjur hjá þeim í hærri heildarfjárhæð útborgaðri á árinu eða eftirstöðvum mjólkurverðs.

#### C. Gjaldstofn til eignarskatts:

##### 1. Varasjóður:

Í 9. tl. 3. gr. laga nr. 46 frá 1937 um samvinnufélög er kveðið svo á, að varasjóður, sem til sé, þegar samvinnufélagi sé slitið, geti aldrei komið til skipta, heldur skuli hann geymdur, unz sams konar félag verði stofnað á félagssvæðinu. Í því felst svo mikil skerðing á eignarrétti yfir varasjóði, að skattlagning hans til eignarskatts kemur að okkar áliti ekki til greina. Varasjóðurinn er í raun réttari aðeins lán til óákveðins tíma.

##### 2. Ógreiddar eftirstöðvar mjólkurverðs:

EKKI fáum við séð, hvernig háttvirtri Ríkisskattanevnd dettur í hug að reikna ógreiddar eftirstöðvar mjólkurverðs sem gjaldstofn til eignarskatts hjá umbjóðanda okkar. Bændum er greitt ákveðið verð fyrir innlagða mjólk a conto, þangað til fyrir liggur,

hve mikið er hægt að greiða, en það liggur ekki fyrir, fyrr en uppgjóri Mjólkursamsölunnar og Osta- og Smjörstölnunnar er lokið og síðan búans sjálfs, þegar vitað er, hvort viðbótarverð kemur fyrir afurðirnar. Við endanlegt uppgjör liggur þetta fyrir og þá fært debet sem ógreitt fyrir mjólk og jafnframt kredit sem skuld við bændur, sem síðan er greidd á aðalfundi. Það brýtur í bága við allar bókhaldsreglur og rök, sem þekkt eru til þessa dags, að játa gjöldunum en neita skuldunum, ef gjöldin eru ógreidd.

Auðvitað er hér ekki um neitt annað að ræða en ógreidda skuld, hluta af mjólkurverði, sem greitt er samri stundu og talan hefur verið staðfest á aðalfundi við samþykkt reikninganna þar.

3. Eins og áður hefur verið tekið fram, er minningarsjóður Egils Thorarensen ekki eign Mjólkurbús Flóamanna, heldur einungis geymslufé í vörzlu þess og ávaxtaður þar. Er hann því eins og hver önnur skuld, sem er mótmælt, að sé gerð að gjaldstofni til eignarskatts.

4. Álagður eignarskattur hefur hvorki verið dreginn frá tekjum næsta árs né heldur frá eign. Því er mótmælt, og þess er krafizt, að svo verði gert.

Eignarskattur, sem ekki hefur verið á lagður, er vart við að búast, að hafi verið greiddur á árinu.

Verði á annað borð um það að ræða, að umbjóðanda okkar yrði gert að greiða eignarskatt, er hann að sjálfsögðu gjöld og þá jafnframt skuld, sem á hvílir um hver áramót.

5. og 6. Þurfa ekki sérstaka skýringu við umfram það, sem þegar hefur verið tekið fram.

III. Þótt niðurstaðan yrði sú, að umbjóðandi okkar yrði úrskurðaður skattskyldur, er því mótmælt, að skattar verði reiknaðir 6 ár aftur í tímann. Samkvæmt 2. mgr. 38. gr. laga nr. 90/1965 er ekki skylda að reikna þannig aftur í tímann, heldur aðeins heimild. Eins og máli þessu er öllu háttað, teljum við það eftir atvikum ekki ósanngjarnt að fara fram á, að skattlagningin verði ekki látin ná lengra en til eins árs, þ. e. a. s. til gjaldársins 1966“.

Hinn 22. september 1966 úrskurðaði ríkisskattanevnd skattkæru gerðarþola, og er úrskurður hennar á þessa leið:

„Í tilefni af skattkæru Mjólkurbús Flóamanna, Selfossi, Selfosshreppi, Árnæssýslu, yfir álöggðum tekju- og eignarskatti fyrir gjaldárin 1960—1965 hefir ríkisskattanevnd kveðið upp svohljóðandi úrskurð:

Kröfur kæranda eru aðallega þær, að hinir álögðu skattar verði felldir niður, en til vara, að þeir verði lækkaðir verulega.

Álagning sú, sem hér um ræðir, fór fram á fundi nefndarinnar þann 22. júlí s.l., og var tilefni hennar það, að í ljós var leitt, að mjólkurbúinu hafði eigi fyrr verið gert að greiða tekjuskatt eða eignarskatt.

Í kæru sinni, dags. 16. ágúst s.l., flokkar umbm. kæranda kærutridin þannig:

„II. Úrskurður háttvirtrar Ríkisskattanefndar greinist í þrjá megin þætti, þá:

A. Að umbjóðandi okkar sé skattskyldur.

B. Að gjaldstofn til tekjuskatts sé:

1. Tillag til varasjóðs, þ. á m. inntökugjöld og vextir.
2. Styrkur til kynbótabús að Laugardælum og framlag í Minningarsjóð Egils Thorarensen ásamt vöxtum.
3. Óráðstafaðar eftirstöðvar ársins að frádregnum yfirfærðum rekstrarafgangi fyrra árs.

C. Að gjaldstofn eignarskatts sé:

1. Varasjóður.
2. Ógreiddar eftirstöðvar mjólkurverðs.
3. Minningarsjóður Egils Thorarensen.
4. Þreföldun fasteignamats 1965 að frádregnu bókfærðu verði fasteigna svo og að frádregnum tekjuskatti eftir því sem við á, en ekki að frádregnum nú álögðum eignarskatti.
5. Verðfellingarsjóður.
6. Yfirfærsla til næsta árs“.

Um A. Í úrskurðinum frá 22. júlí s.l. (sk. nr. 380 R.) er frá því greint, á hvaða lagaákvæðum skattskylda kæranda er byggð, og vísast til þess hér. Það er álit nefndarinnar, að lög nr. 96/1936 um, að Mjólkursamsalan í Reykjavík og Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda skuli vera undanþegin útsvari og tekjuskatti, skifti ekki máli hér. Lög þessi hafa að geyma undanþágu þessara tveggja fyrirtækja frá hinni almennu skattskyldu. Slíka undanþágu er vart heimilt að skýra víðtækara en orðalag laganna segir beinlínis til um. Ef skattfrelsisákvæðin yrðu látin ná til þeirra mjólkurbúa, sem að Mjólkursamsölunni standa, leiddi það til þess m. a., að sum mjólkurbúin í landinu yrðu skattfrjáls, en önnur ekki. Slík niðurstaða virðist ótæk og ekki ætlandi, að stefnt hafi verið að slíku með setningu laganna.

Um B 1. Komið er fram í málinu, að tillag til varasjóðs er

reiknað með tvennu móti. Að öðru leytinu sem ákveðin prósentu ( $\frac{1}{2}$ ) af vörusölu, en að hinu leytinu eftir reglum um vexti. Tillagið er fært til tekna á reikningi varasjóðs og til gjalda á rekstrarreikningi. Lögin um tekjuskatt og eignarskatt hafa ekki að geyma neina heimild til að draga frá skattskyldum tekjum til lag sem þetta umfram það, sem mælt er fyrir um í 17. gr. laganna. Inntökugjald fyrir nýja félagsmenn rennur í varasjóð og telst skattskyldar tekjur skv. upphafsákvæði 7. gr. tekjuskattlaganna.

Um B 2. Færður er til gjalda í reikningum mjólkurbúsins styrkur til Tilraunabúsins að Laugardælum og tillag í Minningar sjóð Egils Thorarensen ásamt vöxtum og sjóðum.

Tilraunabúið að Laugardælum er eign Búnaðarsambands Suðurlands og hefur með höndum tilraunastarfsemi í kvikfjárrækt og kynbætur auk búrekstrar til að standa undir starfsemi.

Umboðsmaður kæranda hefur lagt fram reglugerð um Minningarsjóð Egils Gr. Thorarensen og annarra forvígismanna samvinnufélaganna á Suðurlandi. Samkvæmt reglugerðinni er sjóðurinn stofnaður með aðalfundarsamþykktum af Mjólkurbúi Flóamanna og Kaupfélagi Árnesinga til minningar um Egil Grímsson Thorarensen, sem var formaður stjórnar mjólkurbúsins og framkvæmdastjóri kaupfélagsins. Tekjur sjóðsins skulu meðal annars vera framlög mjólkurbúsins og kaupfélagsins eftir ákvörðunum aðalfundar þeirra hverju sinni. Fé sjóðsins skal ávaxta í rekstri félaganna, skal reikna af því vexti. Sjóðnum má aðeins verja til menningarmála á starfssvæðum félaganna svo og til viðurkenningar fyrir það, sem vel hefur verið og er gert í samvinnu- og búmenningarmálum, uppeldis- og félagsmálum og öðrum skyldum vettvangi. Sameiginlegur fundur stjórnna beggja félaganna ræður yfir sjóðnum og veitir fé úr honum. Reglugerðin öðlast gildi með staðfestingu af aðalfundum beggja félaganna, og henni verður ekki breytt nema með samþykki þeirra. Sjóður þessi hefur ekki hlotið viðurkenningu ríkisskattstjóra, sbr. ákvæði 36. gr. reglugerðar nr. 245/1943, fyrir að hafa heimild til að þiggja gjafir með þeim afleiðingum, að gefandi öðlist rétt til frádráttar gjafarinnar frá tekjum.

Í kæru er upplýst, að greiðslur þessar séu samþykktar á aðalfundi mjólkurbúsins hverju sinni og talið, að búið inni þær af hendi fyrir bændur og þær reiknist sem hluti af mjólkurverði til þeirra. Séu því útborgaðar ársuppbætur lægri en mjólkurverðið, sem þessum fjárhæðum svarar auk fleiri liða. Samkvæmt þessum

rökstuðningi telur kærandi greiðslur þessar ekki vera gjöld búsins.

Hér þarf því að leysa úr, hvers fé það sé, sem ráðstafað er til tilraunabúsins og sjóðsins.

Ekki verður séð, að aðalfundur mjólkurbúsins hafi heimild til að ráðstafa þeim verðuppbótum, sem einstakir innleggjendur fá á innlagða mjólk. Hér er því verið að ráðstafa fé mjólkurbúsins og skuldbinda það, enda kemur þetta fé, að því er virðist, aldrei til raunverulegrar útborgunar til viðskiptamanna. Skv. þessari niðurstöðu er hér um að ræða gjöld og skuldbindingar af búsins hálfu, þar sem lögin um tekjuskatt og eignarskatt hafa ekki að geyma heimild til að draga styrki til Tilraunabúsins frá skattskyldum tekjum, og Minningarsjóðurinn hefur eigi hlotið viðurkenningu ríkisskattstjóra, kemur þetta fé til skattlagningar hjá búinu.

Um B 3. Telja verður, að eftirstöðvar á rekstrarreikningi, sem fluttar eru milli ára, eftir að lokaúthlutun uppbóta fyrir viðkomandi tekjuár hefur farið fram, séu skattskyldar tekjur. Í máli því, sem hér um ræðir, virðist þetta atriði ekki hafa umtalsverða þýðingu, ef litið er yfir öll árin, sem álagningin nær til í heild.

Um C 1. Kærandi fer fram á, að varasjóðurinn verði felldur undan álagningu eignarskatts vegna ákvæða í 9. tölul. 3. gr. laga nr. 46/1937 um samvinnufélög. Ákvæði lúta einungis að vörzlu og ráðstöfun eigna félagsins, eftir að félagsslit hafa farið fram. Verður efni þeirra ekki jafnað til „skuldar“ samkv. 19. gr. laganna um tekjuskatt og eignarskatt.

Um C 2. Álagning eignarskatts á ógreiddar eftirstöðvar mjólkurverðs er byggð á ákvæðum í 44. gr. reglug. nr. 245/1963 um tekjuskatt og eignarskatt og samsvarandi ákvæðum eldri tekjuskattsreglugerðar.

Um C 3. Undir lið B 2 hér að framan eru rakin ákvæði reglugerðar um Minningarsjóð Egils Thorarensen. Ekki verður talið, að kærandi hafi með umræddri reglugerð svipt sig eignarrétti að sjóðnum, heldur hafi hann einungis tekið nokkuð frá af fé sínu og ákveðið að verja því til sérstakra þarfa eftir eigin vali. Er hér um að ræða einhliða ráðstöfun af hálfu kæranda, sem hann virðist hafa í valdi sínu að breyta, ef honum sýnist svo. Með hliðsjón af þessu verður ekki á það fallizt, að hér sé um skuld félagsins að ræða.

Um C 4. Í b-lið 12. gr. laganna um tekjuskatt og eignarskatt

er ákveðið, að einungis eignarskatt og eignarútsvar, sem greidd hafa verið á árinu, skuli draga frá tekjum. Samræmis vegna þykir eðlilegt að beita þessu ákvæði einnig, að því er varðar frádráttarhæfni eignarskatts frá skattskyldum eignum.

C 5 og 6 gefa ekki tilefni til sérstakrar athugasemdar.

Með tilvísun til framangreindra atriða þykir bera að staðfesta hina kærðu skattálagningu.

#### Úrskurðarorð:

Framangreind álagning tekjuskatts og eignarskatts á Mjólkur-  
bú Flóamanna gjaldárin 1960—1965, staðfestist“.

Innheimtumaður ríkissjóðs hefur sent gerðarpóla skattreikning, dags. 21. september 1967, að niðurstöðu til samhljóða útreikningi ríkisskattanefndar, en að viðbættum dráttarvöxtum frá ágúst 1966 til september 1967, kr. 299.414.00.

Hinn 20. september 1967 kveður innheimtumaður ríkissjóðs upp lögtaksúrskurð á áður nefndum gjöldum, og er úrskurðurinn birtur gerðarpóla hinn 23. október 1967.

Málið var síðan tekið fyrir í fógetarétti Árnassýslu, og voru af hálfu ríkissjóðs gerðar þær kröfur, að hið umbeðna lögtak færi fram til tryggingar tekjuskatti og eignarskatti að fjárhæð kr. 2.138.673.00 að viðbættum 12% dráttarvöxtum á ári af þeirri fjárhæð frá 1. ágúst 1966 til greiðsludags og málskostnaði eftir mati réttarins.

Af hálfu gerðarpóla er þess aðallega krafizt, að neitað verði um framkvæmd lögtaks þess, sem krafizt er, til vara, að fjárhæð lögtakskröfunnar verði lækkuð að mati réttarins. Í báðum föllum er þess krafizt, að gerðarbeiðanda verði gert að greiða gerðarpóla málskostnað að mati réttarins.

Málið er tekið upp að tilhlutan ríkisskattstjóra samkvæmt heimild í 42. gr. laga nr. 90/1965 um tekju- og eignarskatt, en sú grein hljóðar svo, 1. mgr.: „Ríkisskattstjóri skal hafa eftirlit með störfum skattstjóra og sjá um, að sem bezt samræmi sé í skattákvörðunum hvarvetna á landinu. Hann skal leiðbeina skattstjórum um allt, er að skattákvörðun og skattaframtali lýtur, m. a. með því að senda þeim jafnharðan eftirrit af þeim úrskurðum ríkisskattanefndar, sem almennt gildi hafa“. Og í 4. mgr.: „Nú telur ríkisskattstjóri ástæðu til að breyta ályktun skattstjóra um skattákvörðun skv. lögum þessum eða öðrum lögum um skatta og gjöld, sem álögð eru af skattstjórum, og getur hann þá, þótt eigi hafi verið kært, lagt málið fyrir ríkis-

skattanefnd, sem breyta má ákvörðun skattstjóra og gera gjaldþegni skatt að nýju. Ætíð skal nefndin gera gjaldþegni viðvart, áður en hún breytir skattgjaldi hans, án þess að yfir hafi verið kært“.

Ríkisskattanefnd telur gerðarþola skattskyldan nú samkvæmt B lið 5. gr. laga nr. 90/1965 um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 70/1962 og nr. 55/1964.

Í 5. gr. áðurnefndra laga segir svo:

„Tekjuskatt og eignarskatt greiða þessi félög og stofnanir: ...

B. Gagnkvæm ábyrgðarfélög, kaupfélög og önnur samvinnufélög“.

Í samþykktum gerðarþola frá 17. apríl 1962, dómsskjal 15, segir svo í 1. gr.: „Félagið skal rekið á samvinnugrundvelli með takmarkaðri ábyrgð, samkvæmt lögum um samvinnufélög“.

Í samþykktum gerðarþola frá 10. desember 1927 með breytingum frá aðalfundi 28. febrúar 1929, dómsskjal nr. 14, segir svo í 2. gr.: „Félagið skal rekið á samvinnugrundvelli, með takmarkaðri ábyrgð, samkvæmt lögum um samvinnufélög nr. 36, 27/8 1921“.

Rétturinn lítur svo á, að samkvæmt 5. gr. laga nr. 90/1965 sé gerðarþoli skattskyldur og að samkvæmt 42. gr. sömu laga sé heimilt að reikna skatt á gerðarþola fimm ár aftur í tímann (sic).

Gerðarþoli hefur haldið því með réttu fram, að ekki hafi verið lagður skattur á gerðarþola, frá því hann hóf starfsemi, og bendir á óréttmæti þess að leggja á skatt aftur í tímann, með því að gerðarþoli hefði getað fært reikninga sína á annan veg og gert aðrar ráðstafanir, ef honum hefði verið ljóst, að leggja ætti skatt á hann. Rétturinn lítur svo á, að það skipti ekki máli, hvenær skattlagningin hefst, því það sé á valdi skattayfirvaldanna.

Samkvæmt skattalögum er ljóst, að gjalddagi skatts, sem reiknaður er aftur í tímann, er þegar að lokinni álagningu. Samkvæmt 2. gr. laga nr. 29/1885 fylgir lögtaksréttur kröfunni, og helst hann, þangað til 2 ár eru liðin frá gjalddaga. Rétturinn getur því ekki fallið á þá skoðun gerðarþola, að lögtaksréttur umræddra skatta sé fyrndur, og telur lögtaksréttinn í fullu gildi.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, kemur það því aðeins til álita, hvort álagning tekjuskatts og eignarskatts sé gerð á rétta gjaldstofna.

Gerðarbeiðandi hefur haldið því fram, að gjaldstofnar til tekjuskatts séu þessir:

Tillag til varasjóðs félagsins og að viðbættum ófrádráttarþær-

um styrkjum til kynbótabúsins í Laugardælum og framlagi til minningarsjóðs Egils Thorarensens og að viðbættum óráðstöfuðum eftirstöðvum ársins, en að frádregnum yfirfærðum rekstrarafgangi fyrri ára, og var gerðarþola gert að greiða tekjuskatt samkvæmt því.

Árið 1960 . . . . .	kr. 152.244.00
— 1961 . . . . .	— 175.058.00
— 1962 . . . . .	— 221.291.00
— 1063 . . . . .	— 280.537.00
— 1964 . . . . .	— 321.361.00
— 1965 . . . . .	— 378.043.00

---

Kr. 1.528.534.00

Í úrskurði ríkisskattanevndar, dómsskjal 5, er gerð glögglega grein fyrir forsendum skattaálagningarinnar og rakin rök gerðarþola í kæru hans og ályktunum ríkisskattanevndar vegna kærunnar.

Í úrskurðinum eru atriðin, sem um ræðir, tölusett til glöggvunar, og verður stuðzt við það í úrskurði þessum.

Um A. Rétturinn fellst á þá skýringu ríkisskattanevndar, að lög nr. 96/1936 um, að Mjólkursamsalan í Reykjavík og Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda skuli vera undanþegin útsvari og tekjuskatti, beri að skýra þröngt sem undantekningarlög og verði engin ályktun dregin frá þeim lögum um skattfrelsi gerðarþola.

Um B 1. Rétturinn fellst á það með ríkisskattanevnd, að framlag til varasjóðs sé skattskyldt og að ekki sé frekari réttur til frádráttar á því en um kveður í 17. gr. skattalaganna.

Um B 2. Rétturinn álitur, að greiða beri tekjuskatt af framlagi gerðarþola til tilraunabúsins í Laugardælum og til minningarsjóðs Egils Thorarensens ásamt vöxtum, og telur, að samkvæmt skipulagsskrá og starfsháttarni minningarsjóðsins verði tillag til hans og vextir að teljast skattskyldir.

Um B 3. Fallist verður á það með ríkisskattanevnd, að eftirstöðvar á rekstrarreikningi, sem fluttar eru milli ára, séu skattskyldar tekjur.

Samkvæmt ofansögðu verður fallizt á kröfur gerðarbeiðanda um skyldu gerðarþola til að greiða tekjuskatt, samtals kr. 1.528.534.00 fyrir gjaldárin 1960—1965 incl.

Ekki er ágreiningur milli aðilja um útreikning skattgjaldstekna, sbr. dómsskjal nr. 3 og nr. 24.

Samkvæmt úrskurði ríkisskattanevndar, dómsskjal nr. 3, er gerðarpola gert að greiða eftirtalinn eignarskatt:

Árið 1962 . . . . .	kr. 23.182.00
— 1963 . . . . .	— 78.519.00
— 1964 . . . . .	— 158.339.00
— 1965 . . . . .	— 350.099.00

---

Kr. 610.139.00

Varðandi eignarskattinn verða notaðar sömu tilvísanir og í dómsskjali nr. 5.

Ríkisskattanevnd telur, að samkvæmt ársreikningum gerðarpola, sem eru fyrir hendi, ákvarðist eignir félagsins af varasjóðseign að viðbættum verðfellingarsjóði og yfirfærslu til næsta árs svo og að viðbættum ógreiddum eftirstöðvum mjólkurverðs um hver einstök áramót, þó að frádregnu bókfærðu verði fasteigna umfram fasteignamat, þó þreföldun fasteignamats gjaldárið 1965, svo og að frádregnum álögðum tekjuskatti, eftir því sem við á.

Ríkisskattanevnd þykir ekki rétt að beita viðurlögum samkvæmt 47. gr. laga nr. 90/1965 að þessu sinni.

Um C 1. Gerðarþoli fer fram á, að varasjóðurinn verði felldur undir álagningu eignarskatts vegna ákvæða í 9. tölulið 3. gr. laga nr. 46/1937 um samvinnufélög.

Ríkisskattanevnd telur ákvæði þessi lúta einungis að vörzlu og ráðstöfun eigna félagsins, eftir að félagsslit hafa farið fram. Verði efni þessu því ekki jafnað til „skuldar“ samkvæmt 19. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Rétturinn fellst á þessa skoðun ríkisskattanevndar, enda telur hann auðsætt, að varasjóðurinn geti verið sjálfstæður eignarskattsstofn á tímabilinu, þar til honum er varið samkvæmt 9. tl. 3. gr. laga nr. 46/1937.

Um C 2. Ríkisskattanevnd telur álagningu eignarskatts á ógreiddar eftirstöðvar mjólkurverðs byggða á 44. gr. reglugerðar nr. 245/1963 um tekjuskatt og eignarskatt og samsvarandi ákvæði eldri tekjuskattsreglugerðar.

Gerðarþoli hefur mótmælt þessu og telur fráleitt að reikna ógreiddar eftirstöðvar mjólkurverðs sem gjaldstofn til eignar-

skatts. Tekur hann fram, að bændum sé greitt ákveðið verð fyrir innlagða mjólk a conto, þangað til fyrir liggur, hve mikið er hægt að greiða, en það liggur ekki fyrir, fyrr en uppgjör Mjólkursamsölunnar og Osta- og Smjöröslunnar er lokið og síðan búans sjálfs.

Rétturinn telur, að þrátt fyrir ákvæði 44. gr. reglugerðar nr. 245/1963 séu samskipti Mjólkursamsölunnar, Osta- og Smjöröslunnar, gerðarþola og bænda þannig háttáð, að ekki beri að reikna þessar ógreiddu eftirstöðvar sem gjaldstofn til eignarskatts, heldur beri að líta á þær sem biðreikning hjá bændunum, sem vitað er, að greiddur er út á næsta ári og þeir síðan greiða eignarskatt af, að vísu árinu síðar, en það á ekki að skipta máli, þar sem stöðug viðskipti haldast.

Rétturinn fellst því eigi á það, að umræddar eftirstöðvar mjólkurverðs verði gjaldstofn til greiðslu eignarskatts á gerðarþola, og þar sem, að þessu athuguðu, kemur í ljós, að enginn eignarskattur fyrir umrædd ár fellur til, þá verður synjað um framgang hinnar umbeðnu gerðar, að því er eignarskattinn snertir.

Eftir atvikum og þeim staðreyndum, að gerðarþoli hefur ekki reiknað með skattálagningu og hafði ástæðu til að ætla, að hún yrði ekki gerð, þykir, rétt, að dráttarvextir verði ekki úrskurðaðir á kröfu gerðarbeiðanda fyrr en frá uppkvaðningu úrskurðar þessa.

Þá þykir eftir atvikum rétt, að málskostnaður falli niður.

#### Úrskurður:

Gerðarþoli, Mjólkurbú Flóamanna, greiði gerðarbeiðanda, ríkissjóði, í tekjuskatt fyrir árin 1960—1965 incl. samtals kr. 1.528.534.00 með 1% dráttarvöxtum á mánuði frá 14. apríl 1970 til greiðsludags.

Lögtak fyrir skattinum skal fara fram að liðnum 8 dögum frá birtingu úrskurðar þessa.

Málskostnaður fellur niður.